



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

41. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Miðvikudagur 22. apríl 2015

Reykholt

Grunnskólastig (16:00 – 17:00)

Mætt: Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Valgerður Sævarsdóttir varaformarður (VS), Axel Sæland ritari (AS), Hrund Harðardóttir skólastjóri Bláskógaskóla (HH), Aðalheiður Helgadóttir fulltrúi starfsmanna grunnskóladeildar Bláskógaskóla (AH), Guðný Tómasdóttir áheyrnarfulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps (GT), Kristín Ingunn Haraldsdóttir fulltrúi foreldra grunnskóladeildar Bláskógaskóla (KIH).

1. Innra mat - Niðurstöður úr skólapúlsinum (nemenda- og foreldrakönnun). Hrund fer yfir niðurstöður kannananna sem hafa verið gerðar með skólapúlsinum. Búið er að gera tvær nemendakannanir og eina foreldrakönnun. Margt fróðlegt hefur komið út úr könnunum sem starfsfólk skólans getur nýtt sér til að bæta hann, sem og styður starfsfólk í því sem það er að gera. Mikilvægt er að halda þessum könnunum áfram til að sjá hvort úrbætur séu að skila sér í bættum skóla.
2. Nýir stjórnendur og starfsmannaviðtöl. Hrund hefur hitt báða nýja stjórnendurna og farið yfir stöðu mála með þeim. Mikilvægt er að það komist á hreint sem fyrst hvað hlutfall stjórnunar eigi að vera við skólana og hvesu mikið utanumhald þarf fyrir sérkennslu.
3. Skóladagatöl Laugarvatn / Reykholt. Hrund fór yfir dagatalið, vakti athygli á því að einn starfsdagur hefur ekki verið dagsettur vegna hugsanlegar skólaheimsóknar. Mikilvægt er að dagatölin verði höfð opin þar sem von er á nýjum stjórnendum til starfa í öllum skólastigum og þeim gefist tækifæri á að gera breytingar á dagatalinu.

Leikskólastig (17:00 – 18:00)

Mætt: Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Valgerður Sævarsdóttir varaformarður (VS), Axel Sæland ritari (AS), Elfa Birkisdóttir leikskólastjóri Álfaborgar (EB), Þuríður Ágústa Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna Álfaborgar (ÞÁS), Áshildur Sigurðardóttir fulltrúi foreldra Álfaborgar (ÁS), Hrund Harðardóttir skólastjóri Bláskógaskóla (HH), Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar Bláskógaskóla (SBA), Valgarður Reynisson fulltrúi foreldra leikskóladeildar Bláskógaskóla (VR).

1. Álfaborg – Umbótaáætlun sem unnin var eftir ytra mat námsmatsstofnunar 2014. Mest allt hefur þegar verið klárað en úrbætur á útsivæði eru eftir og verða gerðar í vor og sumar.
2. Álfaborg - Innra mat –niðurstöður úr skólapúlsinum:
<http://pdfs.visar.is/pdf?id=0ad3c267a6b4d4c2b747a1068c4723ac.html&title=Foreldrak%C3%B6nnun%20leiksk%C3%B3la%202014-2015> Niðurstöður úr skólapúlsinum eru nýkomnar og farið verður yfir þær á næsta fundi.

3. Bláskógaskóli - Nýir stjórnendur og starfsmannaviðtöl, sjá sama lið í grunnskólahluta.
4. Bláskógaskóli - Skóladagatöl Laugarvatn / Reykholt. Hrund og Elfa fara yfir skóladagatölin fyrir 2015/2016, mikilvægt er að dagatölin verði höfð opin þar sem von er á nýjum stjórnendum til starfa í öllum skólastigum.